

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 7/2009

### Bændasamtök Íslands

gegn

### Samkeppniseftirlitinu

#### I.

Með bréfi, dagsettu 3. apríl 2009, hafa Bændasamtök Íslands (hér eftir nefndur áfrýjandi) kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2009, frá 6. mars 2009.

Í kærinni er meðal annars krafist, með vísan til 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, að réttaráhrifum fyrrgreindrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins verði frestað á meðan að kæran er til meðferðar hjá Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Vegna vanhæfis fastra nefndarmanna Áfrýjunarnefndar samkeppnismála þurfti að óska eftir skipun nýs nefndarmanns til viðskiptaráðuneytisins. Sú skipun lá fyrir þann 27. apríl sl. og þá fyrst var hægt að taka efnislega á kröfu þessari.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála óskaði eftir skýringum áfrýjanda á kröfu sinni þann 28. apríl 2009 og bárust þær í tölvupósti sama dag. Þá var Samkeppniseftirlitinu sendar skýringar áfrýjanda og gefinn stuttur frestur til að skila inn athugasemdum. Með

tölvupósti, dagsettum 29. apríl 2009, kom fram af hálfu eftirlitsins að það tæki ekki afstöðu til þessarar kröfu áfrýjanda.

## II.

Áfrýjandi bendir á í skýringum sínum, að samkvæmt hinni kærðu ákvörðun sé áfrýjanda gert skylt að grípa til ákveðinna ráðstafana og breytinga á skipulagi sínu innan 3 mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar. Þrátt fyrir að áfrýjandi vænti þess að málsmeðferð Áfrýjunarnefndar samkeppnismála verði lokið fyrir þann tíma sé ljóst að mikill hluti þess tíma verði liðinn þegar niðurstaða nefndarinnar verði ljós. Fari svo að nefndin staðfesti að þessu leyti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, að öllu leyti eða hluta, þurfi áfrýjandi að hafa viðunandi frest eftir uppkvaðningu úrskurðar nefndarinnar til að bregðast við. Að öðru leyti er vísað til sjónarmiða í kæru hvað þetta atriði varðar.

Þá bendir áfrýjandi á að með hinni kærðu ákvörðun hafi honum verið gert að greiða 10 milljónir króna í stjórnvaldssekt. Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. samkeppnislaga fresti málskot til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála aðför svo ekki sé þörf á ákvörðun um frestun réttaráhrifa að þessu leyti. Sektargreiðslur beri hins vegar dráttarvexti samkvæmt 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga. Að mati áfrýjanda sé órökrétt að stjórnvaldssekt Samkeppniseftirlitsins beri slíka vexti á meðan málið sé til meðferðar fyrir áfrýjunarnefndinni fari svo ólíklega að nefndin staðfesti skyldu til sektargreiðslu að einhverju leyti eða öllu. Sú kynni þó að verða raunin ef ekki verði fallist á kröfu áfrýjanda um frestun réttaráhrifa.

Í þessu samhengi bendir áfrýjandi á að hann hafi átt von á endurgreiðslu virðisaukaskatts sem ekki kom til þar sem hið opinbera skuldajafnaði rétti áfrýjanda á móti þeirri kröfu sem leiði af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um greiðslu stjórnvaldssektar. Að mati áfrýjanda sé afar óeðlilegt að ríkið taki sér með þessum hætti efnidir á umræddri sektargreiðslu á meðan ágreiningur um grundvöll og fjárhæð hennar sé til meðferðar hjá

æðra stjórnvaldi. Þá bendir áfrýjandi á að ljóst sé að samkvæmt meginreglum stjórnslulaga og stjórnsluréttar fresti kæra til æðra stjórnvalds almennt ekki réttaráhrifum en heimilt sé að verða við kröfu um slíkt.

### III.

Meginreglan er sú í stjórnslurétti, að stjórnslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar, sbr. 1. mgr. 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt 2. mgr. sömu gr. er æðra stjórnvaldi þó heimilt að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar, þar sem ástæður mæla með því. Þau ákvæði stjórnslulaga, sem hér voru nefnd, gilda um meðferð þess máls, er hér um ræðir. Í samkeppnislögum nr. 44/2005 eru ekki sérákvæði, sem víki almennt til hliðar þeim ákvæðum stjórnslulaga, er fyrr voru nefnd, en í 43. gr. samkeppnislaga segir þó, að málskot til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála fresti aðför, og á það við um þann þátt hinnar kærðu ákvörðunar, sem snýr að stjórnslusektum þeim, sem áfrýjanda var gert að greiða.

Að mati Áfrýjunarnefndar er ljóst, að fyrrnefnt ákvæði í 2. mgr. 29. gr. stjórnslulaga felur í sér algera undantekningu frá meginreglunni um að kæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Verður að telja, að undantekningarheimildinni verði ekki beitt nema mjög ríkar, knýjandi og óvenjulegar ástæður mæli með því. Nefndin fær ekki séð, að sá frestur, sem Samkeppniseftirlitið veitti áfrýjanda til að efna þau fyrirmæli, sem honum voru gefin í hinn kærðu ákvörðun, hafi verið óvenjulegur eða óeðlilegur miðað við niðurstöðu þeirrar ákvörðunar, en tekið skal fram, að nefndin tekur ekki, á þessu stigi málsmeðferðar, neina afstöðu til efnis hinnar kærðu ákvörðunar að öðru leyti.

Með vísan til þess, er hér var sagt, eru því ekki efni til að fallast á þá kröfu áfrýjanda að frestað verði réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar.

## Úrskurðarorð

Kröfu áfrýjanda um að réttaráhrifum ákvörðunar Samkeppnisráðs frá 6. mars 2009 í máli nr. 9/2009 verði frestað er hafnað.

Reykjavík, 4. maí 2009

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Ingveldur Einaradóttir

Rétt endurrit staðfestir: